

Tæknilegar upplýsingar um námið í Moodle

Nauðsynlegur búnaður fyrir námið. Nemendur geta notað flestar gerðir af tölvum s.s. borðtölvur, fartölvur, spjaldtölvur eða síma. Gott er að nota viðurkenndan hugbúnað svo ekki verði vandræði milli kerfa þegar vinna á verkefni og skila í Moodle kennslukerfið. Mest af námsefninu í Moodle er unnið með [Microsoft](#) hugbúnaði en fyrirlestrar eru flestir mp4 fælar sem allir spilarar ráða við.

Þegar unnið er í Moodle kennslukerfinu er fínt að nota [Firefox netvafrann](#). Einnig er nauðsynlegt að hafa vefmyndavél en það gerir samskipti yfir vefinn persónulegri í fjarfundarkerfi eins og t.d. sýndarrýminu, BigBlueButton, sem notað er í Moodle kennslukerfinu.

Fyrirlestrar eru tilbúnir og hafa verið settir inn í Moodle kennslukerfi viðkomandi áfanga. Þátttakendur geta nálgast þá þar og spilað í t.d. [VLC Media Player](#) eða öðrum spilara sem hentar, hvort heldur í tölvunni, spjaldtölvunni eða snjallsímanum.